

Þriðjudaginn 15. febrúar 1977.

Nr. 244/1976. **Veiðifélag Borgarfjarðar**

gegn

Birni H. Jónssyni

Einari Runólfssyni og

Guðrúnu Fjeldsted.

Kærumál. Dómkvaðning matsmanna samkvæmt lögum nr. 76/1970 úr gildi felld.

Dómur Hæstaréttar.

Kærumál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Benedikt Sigurjónsson og Logi Einarsson.

Gísli Kjartansson, fulltrúi sýslumannsins í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, hefur framkvæmt hina kærðu dómkvaðningu.

Með kæru 5. nóvember 1976, sem barst Hæstarétti 14. desember 1976, hefur sóknaraðili kært dómkvaðningu undir matsmanna til að meta varnaraðiljum bætur vegna skertrar veiðiaðstöðu í Hvítá árin 1971—1975, sbr. XV. kafla laga nr. 76/1970. Dómkvaðningin var framkvæmd að beiðni varnaraðilja og fór fram á aukadómþingi Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 26. október 1976. Sóknaraðili krefst þess, að dómkvaðningin verði ómerkt, en kærumálskostnaður verði látinn falla niður.

Héraðsdómari tilkynnti varnaraðiljum um kæru máls þessa með bréfi 14. janúar 1977. Varnaraðiljar Björn og Einar mótmæla því, að hin kærða dómkvaðning verði felld úr gildi. Frá varnaraðilja Guðrúnu hafa hvorki borist kröfur né greinargerð.

Sóknaraðili er samband veiðifélaga í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu og málsvari þeirra út á við, sbr. 3. gr. og 4. gr. samþykktar nr. 101/1975. Dómkvaðningin var kunnngerð sóknaraðilja 26. október 1976. Með vísan til þessa svo og með hliðsjón af niðurlagsákvæði 3. tl. 95. gr. laga nr. 76/1970 varðar dómkvaðningin sóknaraðilja með þeim hætti, að honum er heimil kæra máls þessa.

Í matsbeiðni var eigi skilmerkilega greint, að hverjum matsbeiðendur hygðust beina þeim kröfum um skaðabætur,

sem meta átti. Bar héraðsdómara að inna matsbeiðendur nánar eftir því. Að því búnu átti hann, eins og atvikum máls þessa er háttað, að gera matsbeiðendum matsþola viðvart, áður en dómkvaðning færi fram, svo að þeir gætu lýst viðhorfi sínu til hennar, sbr. 3. mgr. 139. gr. laga nr. 85/1936, sem hér á við eftir undirstöðurökum sínum. Héraðsdómari hefur ekki gætt þess að láta málið sæta slíkri meðferð. Verður því að ómerkja hina kærðu dómkvaðningu.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð :

Hin kærða dómkvaðning er úr gildi felld.

Dómkvaðning matsmanna á aukadómþingi Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 26. október 1976.

Ár 1976, þriðjudaginn 26. október, var aukadómþing Mýra- og Borgarfjarðarsýslu sett í aðsetri réttarins í Borgarnesi og haldinn af Gísla Kjartanssyni með undirrituðum vottum.

Fyrir var tekið aukadómþingsmálið nr. 10/1976, að dómkveðja 2 menn til að framkvæma mat á bótum skv. 3. tl. 95. gr. laga nr. 76/1970.

Dómarinn leggur fram: Nr. 1 bréf Björns H. Jónssonar, Einars Runólfssonar og Guðrúnar Fjeldsted:

„Við undirritaðir eigendur Ölvaldsstaðaveiða í Hvítá óskum eftir, að þjer sýslumaður Mýra- og Borgarfjarðarsýslu dómkveðjið tvo menn samkvæmt XV. kafla um matsgerðir og skaðabætur í lögum frá 1970 til að meta tjón það er við álitum okkur hafa orðið fyrir vegna breytinga á lax- og silungsveiðilögum árið 1957. Bótatímabil það, sem hjer um ræðir, er frá 1971 til 1975 að báðum þessum árum meðtöldum. Til viðmiðunar kröfu okkar um bætur getum við þess, að fyrir næstu fimm ár fyrir 1971 voru greiddar kr. 190.000 í veiðitjónsbætur, og þar sem engar stórvægilegar breytingar hafa orðið á rennsli árinna á þessu tímabili, en veiðiaukning orðið á vatnasvæði Hvítár svo og verulegar verðhækkunarir á laxi, ætlumst við til, að bótaupphæð verði hlutfallslega hærri.

Björn H. Jónsson, Ölvaldsstöðum I

Einar Runólfsson, Ölvaldsstöðum II

Guðrún Fjeldsted, vegna Ölvaldsstaða 4.

“Til sýslumannsins í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu“.

Til að framkvæma hið umbeðna mat, þ. e. að meta til peninga-
verðs skerta veiðiaðstöðu við Hvítá í Borgarfirði fyrir landi jarð-
anna Ölvaldsstaða I, II og IV fyrir árin 1971 til 1975 að báðum
árum meðtöldum eru dómkvaddir sem þar til hæfir og óvilhallir
menn þeir Jón Magnússon sýslufulltrúi, Stykkishólmi, og Hinrik
A. Þórðarson, fyrrv. bóndi, Nóatúni 18, Reykjavík.

Hinir dómkvöddu matsmenn skulu framkvæma matið af alúð
og samviskusemi og óhlutrægni í hvívetna og eftir bestu þekk-
ingu og vitund. Þeir skulu tilkynna öllum viðkomandi aðiljum,
sem skv. 95. gr. laga nr. 76/1970, sbr. 94. og 96. gr. laganna, kynnu
að verða bótaskyldir, hvar og hvenær matið fer fram og gefa þeim
kost á að koma að gögnum og upplýsingum um matsatriði.

Að matinu loknu skulu þeir gera um það skriflega skýrslu, sem
þeir mega vera reiðubúnir að staðfesta með eiði sínum fyrir rétti,
ef krafist verður.

Matinu skal hraðað.

Miðvikudaginn 16. febrúar 1977.

Nr. 145/1975. **Guðrún Ágústa Ellingsen**

(Kristján Eiríksson hrl.)

gegn

Birgi Guðnasyni

(enginn).

Fjárnámsgerð úr gildi felld.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfa-
son, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Björn Svein-
björnsson og Þór Vilhjálmsson.

Jón P. Emils, fulltrúi yfirborgarfégetans í Reykjavík, hefur
framkvæmt hina áfrýjuðu fjárnámsgerð.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með
stefnu 14. október 1975, að fengnu áfrýjunarleyfi 26. sept-
ember s. á. Gerir hún þær dómkröfur, að hin áfrýjaða fjár-